



# ÁRSSKÝRSLA 2025



HEILSUGÆSLA  
HÖFUDBORGARSVÆÐISINS

# EFNISYFIRLIT

Ávarp forstjóra	3
Framkvæmdastjórn	4
Skipulag	5
Heilsugæslustöðvar	6
Geðheilbrigðisþjónusta	11
Svæðisbundin geðheilsuteymi	12
Geðheilsumiðstöð barna	13
Þjónustukönnun ríkisstofnana	14
Heimahjúkrun	15
Heilsubrú	16
Krabbameinsskimanir	17
Upplýsingamiðstöð	18
Fræðadagur	19
Kynningarmál og vefur	20
Mannauður	21
Ársreikningur	24



# ÁVARP FORSTJÓRA

Hjá stórrí stofnun eins og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins eru verkefni óþrjótandi. Á árinu 2025 unnum við markvisst að því að efla stofnunina, bæta þjónustu og styrkja starfsfólk okkar í þeirra störfum.

Það var sérstaklega ánægjulegt að sjá niðurstöður þjónustukönnunar ríkisstofnana þar sem gæði þjónustu heilsugæslustöðva og Geðheilsumiðstöðvar barna voru metin. Ánægja með þjónustu, viðmót starfsfólks og aðra þætti sem spurt var um í könnuninni mælist mikil og fer hækkandi milli ára. Það sýnir að við erum á réttri leið, þó auðvitað sé ýmislegt sem þarf að bæta.

Gæði þjónustunnar eru okkur alltaf ofarlega í huga. Ný staða gæðastjóra var mikilvægt skref í eflingu gæðastarfs hjá stofnuninni. Gæðastjóri leggur grunn að markvissri og samræmdri nálgun í gæðamálum með aukinni áherslu á skipulag, eftirfylgni og stöðugar umbætur. Nýr gæðastjóri hóf þegar innleiðingu gæðahandbókar sem mun nýtast í allri starfsemi stofnunarinnar.

Góður árangur er einnig merki um gæði þjónustunnar. Fyrsta snerting margra við okkar starfsemi er í gegnum Upplýsingamiðstöð HH, sem svarar bráðum erindum í gegnum símann 1700 og netspjall Heilsuveru. Þar hefur náðst gríðarlega góður árangur við að forflokka bráð erindi, veita ráðgjöf og bóka tíma samdægurs ef fólk þarf að koma. Jafnframt sjáum við að með forflokun erinda skapast svigrúm fyrir bókuð erindi á stöðvunum.

Geðheilsuteymi HH hafa einnig náð góðum árangri. Fróðlegt er að skoða árangursmælingar hjá

svæðisbundnum teymum sem bæta líðan sinna skjólstæðinga verulega.

Aðrar starfseiningar náðu einnig frábærum árangri í sínu starfi. Þar má sérstaklega nefna Samhæfingarstöð krabbameinsskimana, en veruleg aukning mældist í þátttöku í skimunum fyrir brjóst- og leghálskrabbameini á sama tíma og innleiðingarferli fyrir ristilskimunum hófst.

Mikil áhersla var lögð á það á árinu að sinna sem best öldruðum og öðrum sem geta búið heima með stuðningi. Heimahjúkrun HH sinnti í byrjun árs skjólstæðingum í Mosfellsbæ, Kópavogi, Hafnarfirði og Garðabæ. Samið var við Mosfellsbæ um að taka við þjónustu í bænum í maí í gegnum verkefnið Gott að eldast, sem gekk afar vel. Þrátt fyrir það fjölgaði heimsóknnum starfsfólks Heimahjúkrunar til skjólstæðinga verulega, um rúmlega 12 prósent milli ára.

Stjórnendur stofnunarinnar hófu markvissa vinnu á árinu við að skoða skipulag og stefnu stofnunarinnar. Nýtt skipurit stofnunarinnar tók gildi um áramót. Vegferðinni er ekki lokið og verður áfram unnið að því að móta stefnuna fram á veginn. Góður árangur er ekki tilviljun heldur byggir á þrotlausu starfi okkar starfsfólks. Mikilvægt hlutverk öflugra stjórnenda stofnunarinnar er að finna leiðir til að efla starfsfólkið og nota þann eldhug, kraft og metnað sem það býr yfir.

Húsnæðismálin skipta einnig gríðarlega miklu máli og var unnið mikið starf á árinu við að bæta húsnæði ýmissa starfsstöðva og leita að nýju og betra húsnæði fyrir aðrar.



Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins er öflug heilbrigðisstofnun sem sinnir fjölbreyttri heilbrigðisþjónustu. Áhersla okkar er að veita rétta þjónustu á réttum stað og réttum tíma. Við munum áfram vinna að því að sinna okkar verkefnum sem best og hlúa að starfsfólkinu okkar, sem er okkar verðmætasta auðlind.

Sigríður Dóra Magnúsdóttir forstjóri



# FRAMKVÆMDASTJÓRN

Ein breyting varð á framkvæmdastjórn HH á árinu 2025. Svava Kristín Þorkelsdóttir lét af störfum sem framkvæmdastjóri mannauðs og nýliðunar þann 31. ágúst að eigin ósk. Sigurborg Jónsdóttir gegndi stöðu hennar tímabundið á meðan auglýst var eftir nýjum framkvæmdastjóra. Ketill Berg Magnússon var í kjölfarið ráðinn í stöðu framkvæmdastjóra mannauðs. Hann kom til starfa síðla árs 2025 en tók formlega við starfinu um áramót.

Framkvæmdastjórn HH fundar að jafnaði vikulega og eru fundargerðir aðgengilegar öllum á vef stofnunarinnar.

Í lok árs 2025 var framkvæmdastjórn HH þannig skipuð:



**Sigríður Dóra Magnúsdóttir**  
Forstjóri



**Helgi Þorsteinsson**  
Framkvæmdastjóri fjármála-  
og rekstrarsviðs




**Íris Dögg Harðardóttir**  
Framkvæmdastjóri  
geðheilbrigðisþjónustu



**Ketill Berg Magnússon**  
Framkvæmdastjóri  
mannauðssviðs



**Nanna Sigríður Kristinsdóttir**  
Framkvæmdastjóri lækninga



**Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir**  
Framkvæmdastjóri hjúkrunar



# SKIPULAG

Fimmtán heilsugæslustöðvar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu eru kjarninn í starfsemi stofnunarinnar.

Geðheilbrigðisþjónusta hefur aukist verulega að umfangi á undanförunum árum. HH rekur þrjú staðbundin geðheilsuteymi á höfuðborgarsvæðinu og fimm geðheilsuteymi sem starfa á landsvísu.


- Geðheilsuteymi Austur, Suður og Vestur
- Geðheilsumiðstöð barna
- Geðheilsuteymi ADHD
- Geðheilsuteymi fangelsa
- Geðheilsuteymi taugaproskaraskana
- Heilaörvunarmiðstöð

Fjölbreyttar og sérhæfðar starfseiningar sinna afmörkuðum verkefnum.

- Færni og heilsumatsnefnd
- Heilbrigðissskoðun innflytjenda
- Heilsubrú
- Heimahjúkrun
- Samhæfingarstöð krabbameinsskimana
- Upplýsingamiðstöð
- Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu

Á árinu var farið í stefnumótunarvinnu og meðal annars unnið að því að skilgreina starfsemina og endurskoða skipurit stofnunarinnar. Vinnu tengt skipuritinu lauk í desember en nýtt skipurit tók gildi í byrjun árs 2026.

Eldra skipurit stofnunarinnar, hér til hægri, var í gildi til loka árs 2025.




# HEILSUGÆSLUSTÖÐVAR

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins starfrækir fimmtán heilsugæslustöðvar í öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Alls voru um 193 þúsund skjólstæðingar skráðir á stöðvarnar í lok árs 2025. Þá sinna stöðvarnar einnig fólki sem ekki er skráð en leitar eftir þjónustu, til dæmis erlendum ferðamönnum.

Á stöðvunum er meðal annars boðið upp á eftirfarandi þjónustu:

- Opna móttöku, bókaða móttöku og heilsueflandi móttöku, þar sem skjólstæðingar fá fjölbreytta þjónustu.
- Heimilislækningar, þar sem sinnt er bráðum jafnt sem langvinnum heilsuvanda með áherslu á samfellda þjónustu.
- Heilsuvernd á tilteknum æviskeiðum; meðgönguvernd, ung- og smábarnavernd, heilsuvernd skólabarna og heilsuvernd eldra fólks.
- Geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og fullorðna.
- Aðra þjónustu, svo sem leghálsskimun, félagsráðgjöf, hreyfiseðla og aðra þjónustu sjúkraþjálfara.




# HEILSUGÆSLUSTÖÐVAR

Alls voru um 193 þúsund skjólstæðingar skráðir á fimmtán heilsugæslustöðvar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í lok árs 2025 og hafði fjölgað um tæplega 5.000 milli ára.

Stærð stöðvanna er mjög mismunandi. Sú stærsta Heilsugæsla Seltjarnarness og Vesturbæjar, er með tæplega 18 þúsund skráða skjólstæðinga. Sú smæsta, Heilsugæslan Efra-Breiðholti, er með um 8.900 skráða.

Mesta fjölgun skjólstæðinga milli ára var á Heilsugæslunni Efstaleiti og Heilsugæslunni Miðbæ. Á báðum fjölgaði um 6,1 prósent á árinu. Einnig fjölgaði skjólstæðingum mikið á Heilsugæslunni Hlíðum, um 4,7 prósent. Á Heilsugæslunni Seltjarnarnesi og Vesturbæ sem og á Heilsugæslunni Hamraborg fjölgaði skráðum skjólstæðingum um 3,1 prósent.



# HEILSUGÆSLUSTÖÐVAR


Stærstur hluti starfsemi heilsugæslustöðva snýst um samskipti við skjólstæðinga. Þegar samskiptin snúast um meðferð eða heilsufar eru þau skráð í sjúkraskrá viðkomandi.

Þegar samskipti á öllum heilsugæslustöðvum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins eru skoðuð sést að viðtölum á stöðvunum hefur fækkað um tæplega þrjú prósent milli ára. Síamviðtölum fækkar einnig, um átta prósent. Rafrænum samskiptum fjölgaði á milli ára, um rúmlega fimm prósent.


Fækkun viðtala er í samræmi við væntingar tengt forflokkun bráðra erinda í gegnum Upplýsingamiðstöð HH. Með því að veita ráðgjöf vegna bráðra erinda hefur tekist að fækka óþarfa komum á heilsugæslustöðvarnar umtalsvert. Það gefur starfsfólki stöðvanna aukið svigrúm til að sinna þyngri erindum sem þurfa meiri aðkomu heilbrigðisstarfsfólks og eftirfylgni með skjólstæðingum.

Alls átti starfsfólk heilsugæslustöðva HH í samskiptum um meðferð eða heilsufar skjólstæðinga stöðvanna í tæplega 1,1 milljón skipti á árinu 2025, eða tæplega 4.400 hvern virkan dag á árinu.

## Samskipti skráð í sjúkraskrá



## Fjöldi samskipta á dag 2025\*



\*Meðaltal miðað við fjölda virkra daga á árinu 2025




# HEILSUGÆSLUSTÖÐVAR

## Heildarsamskipti skráð í sjúkraskrá eftir stöðvum 2025

Tölur án námskeiða

	Viðtöl	Símaviðtöl	Vitjanir	Rafræn samskipti
Árbær	40.628	25.610	657	38.164
Efra-Breiðholt	15.874	16.813	162	22.634
Efstaleiti	22.234	10.747	425	26.156
Fjörður	25.885	16.868	512	24.531
Garðabær	33.374	18.707	659	31.051
Glæsibær	17.843	10.943	359	19.085
Grafarvogur	23.350	18.784	473	21.245
Hamraborg	23.629	20.694	359	24.622
Hlíðar	30.402	19.881	716	30.589
Hvammur	20.974	17.506	341	23.952
Miðbær	26.517	13.517	433	31.299
Mjódd	23.623	12.828	215	22.977
Mosfellsbær	24.313	13.396	576	21.270
Seltjarnarnes	34.136	17.367	582	42.913
Sólvangur	38.478	20.409	716	36.426

## Heilsuvernd grunnskólabarna Heildarfjöldi samskipta



Heilsugæslustöðvar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sinna heilsuvernd grunnskólabarna í 70 skólum sem í eru um 25 þúsund nemendur. Markmiðið með þjónustunni er að stuðla að vellíðan nemenda og efla heilbrigði þeirra.

Hjúkrunarfræðingar sem sinntu þessu starfi í lok árs 2025 voru í 32,7 stöðugildum og sinnti hvert stöðugildi því að meðaltali 766 nemendum. Það eru talsvert fleiri en þeir 650 nemendur sem gert er ráð fyrir í fjármögnunarlíkani heilsugæslunnar.






# HEILSUGÆSLUSTÖÐVAR

Rafræn samskipti í gegnum Mínar síður á Heilsuveru voru mikið nýtt í samskiptum starfsfólks heilsugæslustöðva við skjólstæðinga. Alls voru skráð tæplega 281 þúsund samskipti í gegnum Heilsuveru.

Tæpur helmingur samskiptanna eru endurnýjanir á lyfseðilskyldum lyfjum. Lyfjaendurnýjanir í gegnum Heilsuveru virðast hafa náð ákveðnu jafnvægi á síðustu árum, eftir mikla fjölgun árin á undan. Um 200 þúsund endurnýjanir hafa verið gerðar ár hvert síðustu þrjú ár. Á sama tíma hefur lyfjaendurnýjunum í gegnum síma fækkað örlítið.

Bæði fyrirspurnum frá skjólstæðingum til stöðvanna í gegnum Heilsuveru sem og skilaboðum frá stöðvunum til skjólstæðinga fjölga talsvert milli ára. Um 119 þúsund fyrirspurnir bárust inn á stöðvarnar og starfsfólk stöðvanna sendi út um 97 þúsund skilaboð í gegnum Heilsuveru. Fjölgunin tengist að miklu leyti breyttu verklagi á sumum heilsugæslustöðvum þar sem samskipti í gegnum Heilsuveru eru notuð til að forflokka erindi og bóka tíma.



# GEÐHEILBRIGÐISÞJÓNUSTA


Sálfræðingar á heilsugæslustöðvum þjónusta bæði börn og fullorðna og felur þjónustan í sér mat á vanda, ráðgjöf og sálfræðimeðferð við vægum til miðlungs geðvanda. Áhersla er lögð á hegðunar- og tilfinningavanda barna annars vegar og kvíða, þunglyndi og áfallastreitu fullorðinna hins vegar. Biðtími eftir viðtali hjá sálfræðingi hefur verið að styttest jafnt og þétt undanfarið.

Samskiptum sálfræðinga á heilsugæslustöðvum við skjólstæðinga fækkaði lítillega milli ára, einkum þar sem ekki hefur tekist að manna allar lausar stöður. Í lok árs voru tæplega 30 sálfræðingar að störfum í rúmlega 20 stöðugildum. Þá voru fimm stöðvar ekki með sálfræðing fullorðinna og ein stöð ekki með sálfræðing barna. Stöðvar án starfandi sálfræðinga hafa í auknu mæli vísað skjólstæðingum til sjálfstætt starfandi sálfræðinga samkvæmt rammasamningi við Sjúkratryggingar Íslands.


Þjónusta sálfræðinga á heilsugæslustöðvum er í stöðugri þróun og unnið er að umbótum, meðal annars í tengslum við samræmda skráningu, verklag og árangursmat. Markmið HH er að geta bætt aðgengi að þjónustu og minnkað biðtíma en jafnframt bjóða upp á þrepaskipta, gangreynda og árangursríka sálfræðimeðferð í nærumhverfi.

Áfram var mikil eftirspurn eftir þjónustu allra geðheilsuteyma HH. Litlar breytingar urðu milli ára á samskiptum starfsfólks teymanna við skjólstæðinga. Samskiptum fjölgaði örlítið milli ára á meðan fjöldi einstaklinga í þjónustu dróst aðeins saman, en breytingarnar eru í báðum tilvikum óverulegar.

## Samskipti við skjólstæðinga



## Fjöldi einstaklinga í þjónustu







# SVÆÐISBUNDIN GEÐHEILSUTEYMI

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins rekur þrjú geðheilsuteymi sem sinna 2. stigs geðheilbrigðisþjónustu á höfuðborgarsvæðinu, skipt niður eftir svæðum. Teymin eru Geðheilsuteymi austur, Geðheilsuteymi suður og Geðheilsuteymi vestur.

Teymin þjónusta einstaklinga sem eru 18 ára og eldri með langvinnan geðrænan vanda og í þörf fyrir þverfaglega meðferð og endurhæfingu. Teymunum bárust samtals 914 tilvísanir í þjónustu á árinu 2025. Á árinu hófu alls 310 einstaklingar meðferð í teymunum og samtals 325 útskrifuðust úr meðferð. Meðferð stóð að jafnaði í um níu mánuði og í lok árs voru 57 á biðlista eftir þjónustu.

Árangur af meðferð teymanna er meðal annars metinn með mælingum á líðan þjónustuþega í upphafi og lok meðferðar. Mælingar sýndu að verulega dró úr kvíðaeinkennum og þunglyndiseinkennum með meðferð og að lífsgæði jukust með meðferð hjá teymunum.



Þá sýndu mælingar mikla ánægju með þjónustu teymanna, en um 90 prósent þeirra sem svöruðu þjónustukönnun reyndust sátt við þjónustuna. Aðeins um þrjú prósent sögðust ósátt.



# GEÐHEILSUMIÐSTÖÐ BARNNA

Geðheilsumiðstöð barna (GMB) veitir 2. stigs geðheilbrigðisþjónustu fyrir fjölskyldur með börn frá meðgöngu að 18 ára aldri. Miðstöðin, sem starfar á landsvísu, sinnir greiningu, ráðgjöf og meðferð vegna geð- og þroskavanda barna og unglinga ásamt því að styðja við tengslamyndun foreldra og barna frá 0 til 5 ára. GMB á reglulegt samstarf við þjónustuveitendur víðsvegar um landið og sinnir starfsþjálfun háskólanema á sviðinu.

Eftir mikla fjölgun tilvísana árið 2023 virðist fjöldinn hafa náð jafnvægi. Á síðasta ári bárust GMB 1.637 tilvísanir, örlítið færri en árið áður. Alls voru innskriftir á árinu 740 og 646 útskriftir. Í lok árs voru 2.566 börn á biðlista hjá miðstöðinni.



# ÞJÓNUSTUKÖNNUN RÍKISSTOFNANA

Þjónustukönnun ríkisstofnana nýtist HH vel til að meta gæði þjónustu. Allar heilsugæslustöðvar stofnunarinnar auk Geðheilsumiðstöðvar barna tóku þátt í könnuninni á árinu 2025. Skjólstæðingum og foreldrum barna sem sóttu þjónustu var boðið að svara könnun með fjórum spurningum um þeirra upplifun af þjónustunni.


Samanburður á niðurstöðum árin 2024 og 2025 sýnir aukna ánægju með þjónustuna og hraða hennar. Þátttakendum gefst jafnframt kostur á að koma á framfæri ábendingum og snýr helsta umkvörtunarefnið að bið eftir tíma hjá lækni.

Niðurstöðurnar eru nýttar til umbóta og hefur til dæmis verið unnið að forgangsröðun í læknatíma samhliða því að nýta betur fagþekkingu annarra heilbrigðisstétta. Með bættri forgangsröðun fá fleiri rétta þjónustu, á réttum tíma, hjá réttum fagaðila.


## Niðurstöður þjónustukönnunar




## Viðhorf til þjónustu




## Viðmót starfsfólks



## Áreiðanleiki upplýsinga



## Hraði þjónustu





# HEIMAHJÚKRUN

Heimahjúkrun Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sinnir skjólstæðingum í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi. Þann 1. maí 2025 tók Mosfellsbær við skjólstæðingum heimahjúkrunar í Mosfellsbæ í gegnum verkefnið Gott að eldast.

Fjöldi skjólstæðinga Heimahjúkrunar er um 750 á hverjum tíma. Starfsfólk heimahjúkrunar er um 150 talsins í 100 stöðugildum. Áhersla er á þverfaglega teymisvinnu sem veitt er af hjúkrunarfræðingum, sérfræðingum í hjúkrun, geðhjúkrunarfræðingi, sjúkraliðum, félagsliðum, iðjupjálfum, öldrunarlækni, geðlækni, næringarfræðingi, íþróttufræðingi, klínískum lyfjafræðingi, almennu starfsfólki, mannauðsfulltrúum og móttökuriturum.

Á árinu 2025 voru samskipti Heimahjúkrunar nærri 206 þúsund, eða rúmlega 560 að meðaltali á dag. Vitjanir voru stærstur hluti þeirra samskipta. Skjólstæðingar fengu um 162 þúsund vitjanir og af þeim voru um 4.400 þar sem tveir starfmenn fóru saman. Heildarfjöldi vitjana sem starfsfólk Heimahjúkrunar sinnti var því rúmlega 166 þúsund. Þessi aukning varð þrátt fyrir að þjónusta við íbúa í Mosfellsbæ hafi færst frá Heimahjúkrun HH þann 1. maí.

Á árinu 2025 bárust 1.111 beiðnir um heimahjúkrun, sem er örlítil fækkun frá árinu á undan. Alls voru 948 innritaðir í þjónustu en það er um sjö prósent fjölgun á milli ára þrátt fyrir að beiðnum hafi fækkað um tvö prósent. Fjölgun innritaðra og aukning í fjölda vitjana gefur vísbendingu um að skjólstæðingar hafi meiri hjúkrunarþarfir og skertari færni en áður og þurfi því aukna aðkomu starfsfólks Heimahjúkrunar.



# HEILSUBRÚ

Heilsubrú Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er eining sem sinnir heilsutengdri þjónustu með það að markmiði að koma til móts við skjólstæðinga með öðrum leiðum en tíðkast hafa til þessa innan HH. Þar sinnir starfsfólk verkefnum sem áður var sinnt á mörgum starfs- einingum og nær með því samlegðar- áhrifum í rekstri og þjónustu.


Innan Heilsubrúar starfa næringar- fræðingar sem veita skjólstæðingum allra heilsugæslustöðva HH þjónustu, til dæmis tengt ofþyngd og offitu, vannæringu, meltingarsjúkdómum og fleiru. Starfsfólk Heilsubrúar veitir einnig getnaðarvarnaráðgjöf sem hefur verið afar vel sótt auk ýmiskonar annarri þjónustu tengdri kvenheilsu.

Á árinu 2025 var í fyrsta sinn boðið upp á námskeið um þyngdarstjórnunarkerfi líkamans og meðferð við offitu. Þá hófst einnig samstarf tengt verkefninu Mín besta heilsa við að innleiða notkun rafrænna námskeiða sem hluta af offitumeðferð fyrir skjólstæðinga. Verkefnið var innleitt á fjórum heilsugæslustöðvum með handleiðslu og fræðslu fyrir starfsfólk.

Mikil ánægja með þessa nýbreytni bæði meðal starfsfólks og skjólstæðinga stöðvanna.

Heilsubrú veitir einnig fjölbreytta þjónustu tengt geðheilsu og þar starfa einnig hjúkrunarfræðingar sem veita heilsuvernd í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu sem fjallað er nánar um hér að neðan.


## Geðheilsa – Fjöldi þátttakenda á námskeiðum



Heilsubrú veitir margvíslega þjónustu fyrir fólk sem glímir við andleg vandamál eða vilja styrkja sig. Þjónustan felst einkum í námskeiðum sem byggja á hugrænni atferlismeðferð (HAM) og núvitund. Þau standa yfir í 4 til 5 vikur og beinast að þunglyndi og kvíða, streitu, lágu sjálfsmati og svefnleysi. Einnig hefur verið boðið upp á

tveggja skipta námskeið fyrir verðandi mæður. Á árinu 2025 var í fyrsta skipti boðið upp á HAM námskeið við kvíða og þunglyndi á ensku. Þá var þróað námskeið sem hugsað er sem úrræði fyrir fólk sem glímir við langvinna verki án lyfja og var námskeiðið haldið í fyrsta skipti í lok árs.

## Heilsuvernd í framhaldsskólum Fjöldi samskipta



Þjónusta hjúkrunarfræðinga í framhaldsskólum hefur verið að festa sig í sessi undanfarin ár. Hjúkrunarfræðingar sinna þar um 12 þúsund nemendum í 13 skólum. Nemendur sækja þjónustuna af fjölbreyttum ástæðum. Oft er um þung mál að ræða, til dæmis sálræn vandamál, barnaverndarmál eða ofbeldi.



# KRABBAMEINSSKIMANIR

Árið 2025 var viðburðarríkt hjá Samhæfingarstöð krabbameinsskimana (SKS). Auk reglubundinna verkefna hefur starfsfólk SKS unnið markvisst að því að auka þátttöku kvenna í krabbameinsskimunum.

Þátttaka í skimunum fyrir bæði brjóstakrabbameini og leghálsskrabbameini hefur aukist verulega síðustu ár. Markmið SKS er að þátttaka í skimunum verði 75 prósent að lágmarki. Þátttaka kvenna í skimunum fyrir leghálsskrabbameini var 70 prósent á árinu og hafði aukist um sex prósentustig milli ára. Þátttaka í skimunum fyrir brjóstakrabbameini jókst um fjögur prósentustig og var 65 prósent.

Mikill munur er á þátttöku kvenna í krabbameinsskimunum eftir ríkisfangi. Þannig var þátttaka íslenskra kvenna í leghálsskimun um 81 prósent á síðasta ári en hjá konum af erlendum uppruna var þátttakan 34 prósent. Þá tóku um 71 prósent íslenskra kvenna þátt í brjóstaskimun, samanborið við 25 prósent erlendra kvenna. Áfram verður unnið sérstaklega að því að fjölga komum kvenna af erlendum uppruna.

SKS auglýsir reglulega skimanir með það að markmiði að auka þátttöku. Auglýsingar sem Hvíta húsið vann fyrir SKS til að vekja athygli á brjóstaskimunum í Bleikum október vöktu mikla athygli. Herferðin vann Lúðurinn, íslensku auglýsingaverðlaunin árið 2025 í opnum flokki almannaheillauglýsinga.


## Þátttaka í brjóstaskimunum



## Þátttaka í leghálsskimunum



## Skimun fyrir ristilkrabbameini



Á árinu 2025 hófst innleiðingarferli fyrir lýðgrundaðri skimun fyrir krabbameini í ristli og endaparmi með tveimur prófunarfösum. Markmiðið var að hefja skimunina en jafnframt prófa alla ferla og kerfi áður en umfangsmeiri skimun hæfist.

Á árinu var 3.400 einstaklingum á öllu landinu fæddum 1956 boðin þátttaka. Þeim var sent sýnatökusett til að taka saursýni sem svo þurfti að pósthleggja eða skila á heilsugæslu. Um 43 prósent sendu inn sýni. Í þeim sýnum sem bárust mældist blóð í hægðum í 5,6 prósentum tilvika. Þeim einstaklingum var í kjölfarið boðið að fara í ristilspeglun til nánari rannsóknar.







# UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ

Upplýsingamiðstöð Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er miðlæg þjónustueining sem sinnir símsvörum í síma 1700 og svarar netspjalli á Heilsuveru. Stærsta verkefni miðstöðvarinnar er ráðgjöf vegna bráðra erinda og forflokun bráðra erinda inn á heilsugæslustöðvar HH og fjölda heilsugæslustöðva á landsbyggðinni. Þá veitir starfsfólk miðstöðvarinnar vegvísun í heilbrigðiskerfinu, rekur þekkingarvef Heilsuveru, sinnir heilsuvernd vegna ferðalaga erlendis, tóbaksvörnum og fleiru.

Starfsemi miðstöðvarinnar var endurskipulögð á árinu 2025 til að draga úr kostnaði og ákveðið að einblína á bráð erindi sem þarfnast úrlausnar innan 24 klukkustunda. Þá var opnunartími netspjallsins skertur. Markmið þjónustunnar er að veita faglega ráðgjöf óháð búsetu. Jafnframt er leitast við að beina erindum sem þarfnast frekari úrlausnar í viðeigandi farveg og stuðla þannig að skilvirkari nýtingu heilbrigðisþjónustunnar og draga úr óþarfa álagi á heilbrigðiskerfið.

Í ársbyrjun 2025 kláraðist innleiðing á forflokun fyrir allar heilsugæslustöðvar HH, alls fimmtán stöðvar. Heilsugæslustöðvar á landsbyggðinni hafa einnig tekið upp samstarf um forflokun. Í júlí bættist heilsugæslan á Ísafirði við. Fyrir var í gangi forflokun fyrir heilsugæsluna á Akureyri, heilsugæsluna á Selfossi og alls átta starfsstöðvar hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Mikil ánægja hefur verið með forflokun á þessum stöðum og margar aðrar hafa óskað eftir að koma í samstarf um forflokun bráðra erinda. Á árinu tókst starfsfólki miðstöðvarinnar að leysa úr 61 prósentu erinda með ráðgjöf í síma og fækka þar með óþarfa komum á heilsugæslustöðvar í samræmi við það.

Starfsfólk Upplýsingamiðstöðvarinnar veitir bólusetningarráðgjöf fyrir ferðalög erlendis. Beiðnir um ráðgjöf voru alls 6.465 árið 2025, talsvert færri en árið áður þegar þær voru 9.034 talsins. Ástæða fækkunarinnar var að ákveðið var að gera einungis áætlanir fyrir skjólstæðinga þeirra heilsugæslustöðva sem eru í samstarfi við miðstöðina.




# FRÆÐADAGUR

Fræðadagur Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 14. nóvember. Um 500 gestir, bæði starfsfólk HH og starfsfólk annarra heilsugæslustöðva á landinu, komu saman til að fylgjast með fróðlegum erindum tengdum starfsemi heilsugæslunnar. Þetta var í fimmtánda skiptið sem HH stóð fyrir fræðadegi.

Eins og undanfarin ár var gerð könnun meðal þátttakenda eftir fræðadaginn þar sem kannað var hvernig til tókst. Niðurstöðurnar sýndu að áfram er mikil ánægja með fyrirlestrana, þó fleiri hafi talið þá frekar góða en mjög góða samanborið við svör gesta í fyrra.

Ánægja með aðstöðuna á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu var heldur meiri en árið áður sem gæti tengst breyttu skipulagi. Niðurstöður könnunarinnar verða nýttar við undirbúning næsta fræðadags, sem halda á í nóvember 2026.

## Hvernig fundust þér þeir fyrirlestrar sem þú fylgdist með?



# KYNNINGARMÁL OG VEFUR


Mikilvægur þáttur í starfsemi stórrar stofnunnar eins og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er að upplýsa um þjónustu og aðra starfsemi. Stjórnendur HH fóru í fjölmörg viðtöl í fjölmiðlum auk þess sem upplýsingum um starfsemina var komið á framfæri við almenning í gegnum fréttatilkynningar, fréttir á vef stofnunarinnar og í gegnum samfélagsmiðla.

Á árinu 2025 var tekinn í gagnið nýr innri vefur hjá HH í kjölfar þess að Workplace-miðlinum var lokað. Nýr innri vefur sem notar Workvivo-stjórnkerfið var tekinn í notkun snemma árs og öll innri miðlun upplýsinga færð þangað. Með tilkomu nýja vefsins var innri upplýsingagjöf eflað enn frekar með reglulegum fréttum fyrir starfsfólk.

Einnig var unnið að því á árinu 2025 að færa vef HH á Ísland.is, sem er í samræmi við stefnu stjórnvalda um að veita upplýsingar um þjónustu ríkisins á einum stað. Verkefnið var enn í gangi í lok árs.

Vefur HH er mikilvæg leið til að koma upplýsingum á framfæri við almenning. Á árinu 2025 voru birtar alls 37 fréttir á vefnum. Þeim var öllum deilt á samfélagsmiðlum og til starfsfólks í gegnum innri vefinn.

Vefurinn hefur verið mikið sóttur undanfarin ár. Á síðustu þremur árum hefur ásóknin vaxið hægt og rólega, þó hún sé ekki jafn mikil og á tímum heimsfaraldurs Covid-19. Á síðasta ári voru heimsóknir á vefinn um 923 þúsund talsins og síðuskoðanir um 1,6 milljónir.



Vinna við merkingar á húsnæði HH héldu áfram á árinu 2025, bæði innan og utan dyra.



# MANNAUÐUR




Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins er önnur stærsta heilbrigðisstofnun landsins. Alls voru starfsmenn hjá stofnuninni 993 í lok árs 2025. Hluti starfsfólks er í minna en 100 prósent starfshlufalli og voru stöðugildin 741.

Lögð var mikil áhersla á að bjóða upp á tækifæri til sí- og endurmenntunar á árinu 2025. Starfa sinna vegna þarf starfsfólk að hafa sérhæfða hæfni og tryggja þarf möguleika þess til að sækja sér menntun og fræðslu. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir þau sem veita heilbrigðisþjónustu.

Fræðsla fyrir stjórnendur var haldin mánaðarlega árið 2025. Þá sátu stjórnendur jafnframt sex vikna stjórnendabjálfun sem lauk í febrúar 2025. Jafningjahandleiðsla stjórnenda hélt áfram út vorið 2025 og gátu stjórnendur einnig sótt einstaklings handleiðslu hjá faghandleiðara. Skrifstofustjórar sátu á árinu fræðslu tvisvar í mánuði og síðar mánaðarlega. Þá sátu ritarar, fulltrúar og heilbrigðisgagnafræðingar einnig vel heppnað fræðslunámskeið á árinu.

Boðið var upp á skipulega nýliðafræðslu fimm sinnum á árinu. Þar var nýju starfsfólki boðið að kynna sér starfsemi stofnunarinnar, skipulag hennar, hlutverk og ábyrgð.

HH býður starfsfólki að gera samkomulag um að nota aðrar samgöngur en einkabílinn til að fara í og úr vinnu. Alls nýttu 174 starfsmenn sér þann möguleika, um 11 prósent fleiri en árið áður, og fengu á móti samgöngustyrk frá stofnuninni. Þá nýttu nærri 600 starfsmenn sér heilsustyrk frá stofnuninni.




# MANNAUÐUR

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins tók þátt í hinni árlegu starfs-umhverfiskönnun Stofnun ársins. Almennt mældust litlar breytingar á viðhorfum starfsfólks milli ára.

Starfsandi mældist áfram góður hjá HH auk þess sem ánægja og stolt starfsfólks fá einnig háa einkunn. Þá hefur ánægja með launakjör heldur þokast upp á við á í síðustu könnunum.

Stofnunin lækkaði um þrjú sæti á milli ára í sínum stærðarflokki og endaði í 25. sæti.



# MANNAUÐUR




Árshátíð Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins var haldin 8. mars í Gullhömrum. Að venju var það Starfsmannafélag HH sem hafði veg og vanda af árshátíðinni. Starfsmenn og makar fjölmenntu og skemmtu sér vel fram eftir kvöldi. Veislustjórn var að þessu sinni í höndum uppistandarans Brynju Valdísar. Leynigestur kvöldsins var Jónsi í Svörtum fötum en eftir að hann hristi upp í stemningunni lék Stuðlabandið fyrir dansi.



Starfsfólk sótti einnig aðra viðburði sem starfsmannafélagið stóð fyrir, til dæmis fjölskyldudag og jólabingó. Þá var jólaball fyrir börn og barnabörn starfsfólk einnig afar vel sótt.



# LYKILTÖLUR ÚR REKSTRINUM




# REKSTRARREIKNINGUR

Fjárhæðir í m.kr.	12M			
	2025	2024	Breyting	%
<b>Tekjur</b>				
Seld þjónusta .....	10.208	9.323	885	9,5%
Fjárlög .....	7.795	6.604	1.191	18,0%
Framlög og ýmsar tekjur .....	74	70	4	5,9%
Aðrar tekjur .....	1	1	0	29,4%
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	66	67	( 1)	-1,6%
<b>Tekjur samtals</b>	<b>18.145</b>	<b>16.065</b>	<b>2.080</b>	<b>12,9%</b>
<b>Gjöld</b>				
Laun og launatengd gjöld .....	13.129	12.067	1.062	8,8%
Annar rekstrarkostnaður .....	4.883	4.607	276	6,0%
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....	1	0	1	-
Afskriftir og niðurfærslur .....	70	67	3	3,9%
<b>Gjöld samtals</b>	<b>18.083</b>	<b>16.742</b>	<b>1.342</b>	<b>8,0%</b>
<b>Afkoma ársins</b>	<b>61</b>	<b>( 677)</b>	<b>738</b>	<b>109,1%</b>







# AFKOMA


Milljónir króna



# ÞRÓUN TEKNA



# ÞRÓUN KOSTNAÐAR




# EFNAHAGSREIKNINGUR

Fjárhæðir í m.kr.	12 mánuðir		
	2025	2024	Breyting
<b>Eignir</b>			
Handbært fé .....	35	81	(46)
Skammtímakröfur.....	68	62	6
Tengdir aðilar .....	2.169	1.799	370
Birgðir .....	33	32	1
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	319	319	0
<b>Eignir samtals</b>	<b>2.623</b>	<b>2.292</b>	<b>331</b>
<b>Skuldir</b>			
Aðrar skuldir .....	1.647	1.425	222
Tengdir aðilar .....	636	600	37
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	319	307	12
<b>Skuldir samtals</b>	<b>2.602</b>	<b>2.332</b>	<b>270</b>
<b>Eignir að frádregnum skuldum</b>	<b>21</b>	<b>(40)</b>	<b>61</b>
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign .....	21	(40)	61
Annað eigið fé .....	0	0	0
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>21</b>	<b>(40)</b>	<b>61</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>2.623</b>	<b>2.292</b>	<b>61</b>



# ÚTGJÖLD HEILSUGÆSLUSTÖÐVA



# ÚTGJÖLD ANNARRA STARFSSTÖÐVA

